

S A M Þ Y K T

um

sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu.

42

2. apríl

1. gr.

Með samþykkt þessari er stofnaður sýsluvegasjóður Austur-Húnavatnssýslu, og skal úr honum greiða kostnað við þær vegabætur og vegaviðhald, sem að lögum hvíla á sýslufjelaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Vindhælisvegur, frá Laxárbrú að Höfnum.
2. Norðurárdalsvegur, frá Laxárbrú að Þverá.
3. Refasveitarvegur, frá Þjóðveginum að Laxárbrú, og tilheyrir brúin á Laxá að jöfnu þessum vegi og Vindhælisvegi.
4. Laxárdalsvegur, frá Refasveitarvegi um Mýrar, og skamt fyrir sunnan Skrapatungu að Kirkjuskarði.
5. Auðólfstaðaskarðsvegur af Langadalsvegi upp fyrir Gautsdal.
6. Svartárdalsvegur, frá Bólstaðarhlíð að Bergsstöðum.
7. Blöndudalsvegur, frá Langadalsvegi að Eyvindarstöðum.
8. Svínvetningabraut, frá Þjóðveginum við Blöndubrú að Guðlaugsstöðum, með hliðarálmu frá Tindum um Reyki austur fyrir Svínadalsá.
9. Svínadalsvegur, frá Svínvetningabraut fram um Ljótshóla.
10. Reykjabraut, frá Þjóðveginum rjett sunnan Þúfnalæks að Reykjum.
11. Vatnsdalsvegur, af Þjóðveginum vestan Vatnsdalsár að Gríms tungu.
12. Hagavegur, af Þjóðveginum vestan Vatnsdalsár að Klofasteini.
13. Bryggjuvegur, frá Þjóðveginum norðan Blöndu, út að bryggju.
14. Ferjuvegir:
 - a. Frá Langadalsvegi um Holtastaðaferju á Svínvetningabraut sunnan Kagaðarhóls.
 - b. Frá Blöndudalsvegi um dragferjuna á Svínvetningabraut.

Um legu og gerð þessara vega, sem enn eru ólagðir, skal fara eftir tillögum vegamálastjóra.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fæsteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hvernjar jarðar, en af eiganda hvernjar lóðar eða húseignar í kaup-

42 2. apríl túnun. Þó er hreppsfjelögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitar-sjóði, ef $\frac{2}{3}$ hlutar lögmæts sveitarfundar óskar þess, og tilkynning er komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefndin ákveður fyrir 1 ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki lægri vera en $1,5\text{‰}$ af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati, og ekki hærri en 6‰ , nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi vegafjelaga, hreppsfjelaga og ríkissjóðs. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Jafnhátt hundraðsgjald skal lagt á alla hreppa sýslunnar, nema Blönduóshrepp, er fær helmingseftirgjöf á skattinum.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir fjárveitingu úr sýsluvegasjóði til lagningar akfærs sýsluvegar, að hlutaðeigandi vega- eða hreppsfjelag leggi jafnmikið til vegarins og sýslusjóður leggur til af vegaskattinum.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

7. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög fyrir sig, skal hálfur skatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjlagið ver til vegagerðar í hreppnum á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

8. gr.

Allir sýsluvegir skulu gerðir reiðfærir á kostnað sýsluvegasjóðs, svo fljótt sem ástæður leyfa. Sömuleiðis skal árlega hæfilegri fjárhæð úr sýsluvegasjóði varið til lagningar akfærra vega, uns því er lokið að fullu.

9. gr.

Sýslunefndin hefir á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins, og yfirmsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra, enda er henni skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um skipun verkstjóra,

10. gr.

42

2. apríl

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur, og sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfir standandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

11. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, og lögum nr. 28, 31. maí 1927.

12. gr.

Umsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra er falin stjórn vegafjelaga á þeim svæðum, er þau ná yfir. Annars hlutaðeigandi hreppsnefnd, eftir samráði við vegamálastjóra.

13. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykkt þessari fylgir lögtaksrjettur.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða alt að 200 kr. sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Með samþykkt þessari eru feld úr gildi öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bága við samþykkt þessa.

16. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. apríl 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.